

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 44.200 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagarðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 29.500 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagarðar skv. töflu c) eru 14.700 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagarðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til þökkunar á afurðum má einungis nota hreinar, nýjar og hentugar umbúðir, sem hvorki spilla eða lýta vöruna, en verja afurðir óhreinindum og koma í veg fyrir hvers konar mengun við geymslu og dreifingu.

Afurðir skulu merktar í samræmi við reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Á umbúðir skal skrá upplýsingar um varúðarráðstafanir sem gera skal við matreiðslu og að fuglinn skuli ávallt vera borinn fram vel steiktur eða vel soðinn. Ef fleiri einingum er pakkað saman í kassa eða öskjur, skal auðkenna umbúðir eftir því hvaða afurðir þær hafa að geyma.

Ófrystar sláturafurðir alifugla sem boðnar eru til sölu, skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst salmonella í fuglunum.

Heimilt er að pakka vel hreinsuðum innnyflum, þ.e. lifur, hjarta, fóarni og hálsi í hreinan plastpoka og setja þær með heilum sláturafurðum. Slíkar afurðir skulu sérstaklega merktar: „Með innmat“.

Óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerktum umbúðum.

2. gr.

4. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 238/1987, nr. 470/1995 og 550/1995 um breytingu á reglugerð nr. 260/1980.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

3. desember 1997

Nr. 668

REGLUGERÐ**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr/kg
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.98	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1998 og gildir til 1. janúar 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.